



Morgunblaðið/Golli

**Mikilvægt Ábyrgð á réttri merkingu matvæla liggur hjá framleiðendum.**

# Merking erfðabreyttra matvæla

Erfðabreytt matvæli og fóður á íslenskum markaði skal merkt skv. reglugerð nr. 1038/2010 um merkingu og rekjanleika erfðabreyttra matvæla og erfðabreytts fódurs. Samkvæmt reglugerðinni eru erfðabreytt matvæli og fóður skilgreind sem matvæli/fóður sem unnin eru úr eða eru erfðabreyttar lífverur. Reglugerðin gildir ekki um matvæli/fóður sem framleidd eru með hjálp erfðabreyttra lífvera, eins og t.d. ensím og aukefni sem framleidd eru með líftæknilegum hætti í bakteríum og gersveppum. Reglugerðin gildir heldur ekki um matvæli/fóður þar sem erfðabreytta efnið er 0,9% eða minna af viðkomandi efni en aðeins ef það er tilkomið vegna mengunar eða af óhjákvæmilegum tæknilegum ástæðum, þ.e. framleiðandi má ekki vísitandi nota erfðabreytt hráefni í vöru sína án þess að merkja matvælin sem erfðabreytt.

Ábyrgð á réttri merkingu matvæla liggur hjá framleiðendum þeirra eða stjórnendum fyrirtækja sem setja þau á markað. Samkvæmt matvælalögum er óheimilt að villa um fyrir neytendum með merkingum eða öðrum upplýsingum sem veittar eru um matvæli og á öllum stigum framleiðslu og markaðssetningar skal vera til staðar kerfi sem tryggir rekj-

anleika matvæla. Það er því á ábyrgð fyrirtækja eða forráðamanna þeirra að afla upplýsinga um hvort matvæli séu erfðabreytt og ef svo er, tryggja að neytendur fái upplýsingar um þetta í samræmi við gildandi reglur.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum reglugerðar nr. 1038/2010 sé framfylgt vegna erfðabreyttra matvæla. Eftirlit með merkingum á erfðabreyttum matvælum felst í að skoða umbúðir og önnur gögn, ásamt því að greina sýni og athuga hvort merking sé í samræmi við innihald og uppfylli þar með ákvæði reglugerðarinnar. Skipulagðar sýnatökur munu eiga sér stað á hverju ári og mun Matvælastofnun vinna að samræmingu þess eftirlits hjá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga, setja upp sýnatökuáætlun og ákveða hvaða sýni verða tekin hverju sinni. Það ákvarðast m.a. af upprunalandi, algengi á markaði, markhópi vöru og gerð matvæla. Á árinu 2012 verður lögð áhersla á innihaldsefnin maís og soja og upprunaloð þar sem engra merkinga á erfðabreyttum matvælum er krafist.

Helga M. Pálsdóttir, matvælafræðingur hjá Matvælastofnun